

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1511
komudagur 25.4.2005



UNIVERSITY OF ICELAND
Faculty of Odontology
22.04.2005

Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari
Heilbrigðis og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

**Varðandi frumvarp um breytingar á lögum nr. 117/1993, um
almannatryggingar. Þskj. 879—587. mál.**

Undirritaður er prófessor við Tannlæknadeild HÍ og hefur sérmenntun m.a. í munnlyflækningum. Þó að Tannlæknadeild Háskóla Íslands hafi þegar sent umsögn um málið til nefndarinnar tel ég rétt að koma með ábendingar vegna þess að frumvarpið snertir sérstaklega hagsmuni tiltekins hóps af sjúklingum sem notið hafa meðferðar hjá mér.

Þó sjúklingahópur þessi kunni að vera smár er hann jafnframt afar sérstæður og því tel ég nauðsynlegt að nefndarmenn, sem og aðrir þeir sem um frumvarp þetta ræða, taki mark á hagsmunum þessara sjúklinga.

Tryggingastofnun (TR) hefur heimild í 33.gr laga um almannatryggingar til þess að taka þátt í kostnaði við meðferð tann- og munnsjúkdóma ef meðferðin er nauðsynleg vegna *alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla eða sjúkdóma*.

Sjúklingar sem eru í áhættuhópi m.t.t. almennrar heilsu, jafnvel í lífshætu vegna ástands í munni falla þó **ekki** undir þessa lagagrein.

Þess vegna eiga sjúklingar, t.d. með hvítblæði og aðra lífshættulega sjúkdóma ekki rétt að fá endurgreiðslu frá TR vegna kostnaðar í kjölfar tannlæknameðferðar þó slík meðferð kunni að vera nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarleg vandamál, eins og sýkingu út frá tannhóldsbólgu eða tannkýli. Þessi hættu er í raun fyrir hendi hjá flestum sjúklingum sem þurfa á ónæmisbælandi lyfjameðferð að halda. Þetta þýðir, svo dæmi sé tekið, að sjúklingur með slímhúðbólgu og sár (*mucositis*) sem er

Professor W Peter Holbrook, Faculty of Odontology, University of Iceland,
Vatnsmýrarvegi 16, IS 101 Reykjavík, Iceland

Tel: +354 525 4850/4873; fax: +354 525 4874; e-mail: phol@hi.is



UNIVERSITY OF ICELAND

Faculty of Odontology

afleiðing lyfjameðferðar eða beinmergsígræðslu getur fengið aðstoð TR vegna kostnaðar hjá sérfræðingi í munnlyflækningum en ekki vegna nauðsynlegrar undirbúningsmeðferðar hjá tannlækni á undan læknismerðferð (sem minnkar aukaverkanir og önnur vandamál). Þannig greiðir TR t.d. bætur fyrir sjúkling sem farið hefur í geislameðferð vegna krabbameins í höfði eða hálsi fyrir meðferð vegna munþurrks í kjölfar geislunnar en greiðir ekki bætur vegna fyrrirbyggjandi meðferðar sem fram fer á undan geislun og getur komið í veg fyrir eða minnkað vandamál sem koma upp í kjölfar geislameðferðar.

Lengi hefur verið þörf fyrir tannlæknastofu á LSH fyrir þá sjúklinga sem hafa sérþarfir vegna læknisfræðilegra vandamála en því miður hefur ekki tekist að koma slíkri þjónusta á laggirnar enn, þrátt fyrir að samningur sé í gildi milli LSH og HÍ. Þeir sem þekkja vel til málsins sjá að möguleiki er á að koma upp þjónusta af þessi tagi við Tannlæknadeild HÍ en TR er ekki heimilt að veita endurgreiðslu ef meðferðin fer fram við Tannlæknadeild HÍ.

Undirritaður telur nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á almannatryggingalögum og reglugerðum um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við tannlækningar svo stofnuninni verði heimilt að aðstoða þann sjúklingahóp sem hér hefur verið lýst.

Virðingafyllst,

Peter Holbrook, prófessor